



Tegund : LEI-219
Útgáfunr. : 2
Ferill skjals : OAK
Dags. Staðfestingar : 03.09.2008
Samþykkt : OAK-Fljótsdalsstöð

Umhverfisstjórnun Fljótsdalssvæðis

1. Tilgangur og umfang

Að lýsa vöktun og rekstrarstýringu umhverfispátta Fljótsdalssvæðis.

2. Ábyrgð

Stöðvarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd umhverfismála á Fljótsdalssvæði.

3. Vöktun umhverfispátta

3.1 Vöktunaráætlun

Hvað er vaktað	Vöktunaraðferð og skráning	Tíðni vöktunar	Viðmið	Ábyrgð
----------------	----------------------------	----------------	--------	--------

Losun til andrúmsloftsins				
Eldsneyti	Magnskráning GB	árlega	Markmið orkusviðs	Stöðvarstjóri
Losun CO2 og CH4 frá lónum	Skrár og skýrslur / innra net LV	ekki virkt	ekki virkt	Stöðvarstjóri / rannsóknaraðilar
Losun SF6 frá rafbúnaði	Magnskráning GB / DMM / Focal	árlega	Markmið orkusviðs	Stöðvarstjóri
Frárennsli	Sýnatökur / DMM	árlega	Rannsóknir og samanburður við lög	Stöðvarstjóri
Úrgangur, myndun, meðhöndlun og förgun				
Spilliefni	Magnskráning GB / Focal	árlega	Markmið orkusviðs	Stöðvarstjóri
Almennur úrgangur	Magnskráning GB / Focal	árlega	Markmið orkusviðs	Stöðvarstjóri
Hávaði				
Hávaði	Mælingar / Focal	við breytingar	Lög og reglugerðir	Stöðvarstjóri
Auðlindanotkun				
Vatnsstýring	Kerfiráður / Focal	síritun	Markmið orkusviðs	Stöðvarstjóri
Nýting vatnsforðans til orkuvinnslu	Kerfiráður / Focal	síritun	Samanburður milli ára	Stöðvarstjóri
Nýting grunnvatns/kalds vatns	Gagnagrunnur http://wiski.lv.is Sýnatökur, rannsóknir, Heilbrigðisfulltrúi	árlega	Rannsóknir og samanburður við lög	Stöðvarstjóri / rannsóknaraðilar
Eitur- og hættuleg efni	Skráning innkaupkerfi / innra net LV	árlega	Sjá DMM	Stöðvarstjóri
Röskun lands og umgengi við lífríki og náttúru	Skrár og skýrslur / innra net LV	árlega	Rannsóknir og samanburður við lög	Stöðvarstjóri / rannsóknaraðilar
Rof og setmyndun	Skrár og skýrslur / innra net LV	nokkra ára fresti	Rannsóknir og samanburður við lög	Stöðvarstjóri / rannsóknaraðilar
Landgræðsla	Magnskráning GB / Skrár og skýrslur / innra net LV	árlega	Rannsóknir og samanburður við lög	Stöðvarstjóri / rannsóknaraðilar

4. Stýring umhverfispátta

4.1 Losun til andrúmsloftsins

Eldsneytisnotkun Fljótsdalsstöðvar er vegna keyrslu varaafvléla í þjónustuhúsi og í Inntakshúsi sem og vegna notkunar á ökutæki og vinnuvélar. Haldin er skrá yfir notkun og vistað í GB. Þegar keypt eru ný ökutæki eða vinnuvélar fer það í gegnum innkaupdeild og tæknideild sem framfylgja stefnu LV um umhverfiskröfur til ökutækja.

Losun CO2 og CH4 frá lónum. Skv. greiningu er engin sérstök umhverfisáhætta talin vera til staðar við nýmyndun lóna. Því er sá liður ekki sérstaklega vaktaður, en ef niðurstöður rannsókna frá Blöndustöð vegna myndunar Gilsárlóns gefa tilefni til verður það endurskoðað.

Magn SF6 í Fljótsdalsstöð er lítið og bundið við aflrofa orkuvinnslueininga sem og 220kV úttakt aflspenna. Auk þess mun lítið magn varabirgða verða vistað í Fljótsdalsstöð. Haldin er skrá yfir notkun og vistað í GB.

4.2 Losun í vatn og jarðveg

Rotþrær, olíuskiljur, vatnstæmikerfi og olíugildirur sem eru á áhrifasvæði Fljótsdalsstöðvar eru skráðar í skjalavistunarkerfi LV. Samið verður við verktaka um tæmingu á rotþróum. Vatnstæmikerfi, olíu- skiljur og gildirur verða vaktaðar reglulega í gegnum verkstjórnakerfi DMM. Niðurstöður verða skráðar í DMM og í tilkynningargrunn ef við á.

4.3 Úrgangur, myndun, meðhöndlun og förgun.

Spilliefnum sem falla til á Fljótsdalsstöð er safnað í sérstök þar til gerð ílát og skilað til viðurkenndra móttökuaðila. Haldin er skrá yfir magn það sem fellur til vegna reksturs og niðurstöður vistað í GB. Upplýsingar um flokkunarmöguleika og staðsetningu íláta er að finna í skjalavistunarkerfi LV.

Almennur úrgangur sem fellur til á Fljótsdalsstöð er flokkaður af starfsmönnum og verktökum sem sinna verkefnum fyrir Fljótsdalsstöð. Sorphirðufyrirtæki flytur úrganginn til endurvinnslu eða urðunar hjá viðurkenndum móttökuaðila. Haldin er skrá yfir magn það sem fellur til og vistað í GB. Upplýsingar um flokkunarmöguleika og staðsetningu íláta er að finna í skjalavistunarkerfi LV.

4.4 Hávaði

Gerðar verða hljóðstigsmælingar á völdum stöðum í stöðvarhúsi þegar orkuvinnslueiningar verða fullbúnar og þegar aflþörf er sem samsvarar öllum einingum. Niðurstöður verða skráðar í tilkynningargrunn LV.

4.5 Auðlindanotkun

Vatnsstýring: Stjórnstöð Landsnet annast stýringu og vöktun raforkuvinnslu Fljótsdalsstöðvar í samræmi við áætlanir viðskiptaborðs rekstardeildar og LEI-220, "Fastbundnar takmarkanir fyrir Fljótsdalssvæði" og EYD-24, "Tilkynning um tímabundnar takmarkanir í rekstr" í, vistað í rafrænu skjalakerfi LV. Áætlanir viðskiptaborðs og niðurstöður vinnslustýringa eru vistaðar í skjalavistunarkerfi LV ásamt því sem nákvæm gagnvistun orkuvinnslu eininga er hjá kerfiráð Landsnets.

Nýting vatnsforðas: Viðskiptaborð rekstardeildar sér um að stjórna nýtni vatnsforðans við rekstur Fljótsdalsstöðvar þannig að orkuvinnsla sé í samræmi við hönnun mannvirkja. Niðurstöður orkuvinnslu eru vistaðar í skjalavistunarkerfi LV og á innra neti LV.

Kaldavatnsöflun er fyrir stöðvarhús og Þjónustuhús Fljótsdalsstöðvar og er forðatankur sunnan þjónsuthúss. Fylgst er með grunnvatnsstöðu við lón, göng og önnur mannvirki. Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST) sér um sýnatöku úr kaldavatnsgeymi og eru niðurstöður skráðar í tilkynningargrunn. Upplýsingar um magn grunnvatns á áhrifasvæði Fljótsdalsstöðvar er vistað í gagnagrunni "Wiski.lv.is"

Eitur- og hættuleg efni: Haldinn er listi yfir staðsetningu og notkun eitur- og hættulegra efna sem eru notuð við rekstur Fljótsdalsstöðvar. Í innkaupakerfi LV er haldið utan um

innkaup á eitur- og hættulegum efnum fyrir Fljótsdalsstöð. Listi yfir tegund og magn eitur- og hættulegra efna er uppfært árlega á innra net LV.

Námur og haugsvæði: Frágangur jarðrasks vegna framkvæmda við byggingu Fljótsdalsstöðvar og tengdra mannvirkja er ennþá í gangi. Vöktun vegna frágangs lands sem og aðgerðir s.s. vegna mats á umhverfisáhrifum flyst í áföngum yfir á Fljótsdalsstöð. Niðustöður ef við á vegna rannsókna, skýrslur o.þ.h. verða vistaðar í skjalavistunarkerfi LV og eða innra neti LV.

Umgengi við lífríki og náttúru: Við rekstur vatnsforðabúra Fljótsdalsstöðvar mun verða setmyndun sem og vegna vatnhæðarbreytinga getur myndast hættur á rofi úr bökkum lóna. Mælingar og rannsóknir munu verða framkvæmdar sem og fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr áhrifum. Niðustöður ef við á vegna rannsókna, skýrslur o.þ.h. verða vistaðar í skjalavistunarkerfi LV og eða innra neti LV.

Landgræðsla: Stærsti hluti landgræðslu á vegum Fljótsdalstöðvar fer fram í gengum tvo Landbótasjóði. Niðustöður ef við á vegna rannsókna, skýrslur o.þ.h. verða vistaðar í skjalavistunarkerfi LV, GB og eða innra neti LV.

Tilvísanir í skjöl :

Dreifing skjals:

Tilvísanir í gæðaskrár :

Flokkast í handbækur:

Handbók Fljótsdalsstöðvar; ISO-14001 Umhverfishandbók
Kröfur: